

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Skógarholt, frístundabyggð í landi Reykjavalla.

Um er að ræða heildarendurskoðun deiliskipulags frístundabyggðarinnar Skógarholts í landi Reykjavalla. Skipulagið tekur til 37 frístundalóða.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2024.

Deiliskipulag, Skálabrekka eystri, L224848, Grjótnes og Hellunes.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til landbúnaðarlóða í landi Skálabrekku eystri. Í skipulaginu er gert ráð fyrir 17 landbúnaðarlóðum á um 75 ha svæði.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Hverabraut 3, L227719, Laugarvatni.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins á Laugarvatni. Í breytingunni felst að byggingarreitur er skilgreindur innan lóðar Hverabrautar 3.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Hrosshagi 5b, L233479.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Hrosshaga 5b, L233479. Í breytingunni felast stækkanir og breytingar á byggingarreitum.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. maí 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.